

Tillaga lögð fyrir aðalfund 2010

# LÖG STJÓRNVÍSI

---

## Heiti, hlutverk

### **1. gr.**

Heiti félagsins er Stjórnvísí og er heimili þess og varnarþing í Reykjavík.

### **2. gr.**

Stjórnvísí er félag sem:

- Stuðlar að umbótum í stjórnun íslenskra fyrirtækja með miðlun þekkingar og reynslu meðal stjórnenda.
- Eflir metnaðarfulla stjórnendur og hjálpar þeim að ná árangri.
- Stuðlar að framsækinni stjórnun á öllum sviðum.

## Félagsmenn

### **3. gr.**

Einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir geta orðið félagar í Stjórnvísí.

### **4. gr.**

Félagsmenn skulu greiða árgjald til félagsins sem aðalfundur ákveður fyrir eitt ár í senn. Hver félagi í Stjórnvísí hefur eitt atkvæði við atkvæðagreiðslu í félaginu.

Stjórn félagsins getur tekið af félagaskrá þá sem skulda árgjald fyrir eitt ár enda hafi þeir áður verið skriflega krafðir um greiðslu og þeim kynntar þessar afleiðingar vanskilanna.

## Aðalfundur

### **5. gr.**

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins og skal halda fyrir lok maímánaðar, ár hvert.

Til aðal- og aukafunda skal stjórnin auglýsa með þriggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal stuttlega geta þeirra mála sem tekin verða fyrir á fundinum. Fundurinn er lögmaður sé löglega til hans boðað.

Hverjum fundi stýrir fundarstjóri. Hann rannsakar í fundarbyrjun hvort löglega hafi verið til fundarins boðað. Atkvæðarétt hafa fullgildir félagsmenn.

Framboð til formanns eða stjórnarsetu skulu auglýst minnst tveim vikum fyrir aðalfund. Starfsár félagsins er milli aðalfunda, en reikningsár er almanaksárið.

Þessi mál skulu tekin fyrir á aðalfundi:

- Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári
- Reikningsskil
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar
- Kosning fagráðs
- Kosning skoðunarmanna

## **Stjórn**

### **6. gr.**

Í stjórn Stjórnvísí eru sjö stjórnarmenn og tveir varamenn. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn, og getur hann setið í tvö ár sem formaður, að hámarki. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn og geta að hámarki setið í fjögur ár. Meginreglan skal vera sú að á hverju ári láti þrír stjórnarmenn af störfum. Ef atkvæði eru jöfn skal hlutkesti ráða úrslitum. Leitast skal við að halda kynjahlutfalli sem jöfnustu innan stjórnar.

Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn til tveggja ára í senn, þó þannig að árlega gangi annar þeirra út og nýr komi inn.

Á fyrsta stjórnarfundi skiptir stjórnin með sér verkum og kýs sér varaformann og ritara til eins árs í senn. Stjórnin tekur ákvarðanir varðandi stjórnun félagsins og daglegan rekstur, þ.m.t. nýjungar í starfseminni og eftirfylgni, í samstarfi við framkvæmdastjóra. Þá setur stjórnin félaginu markmið og ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

## **Framkvæmdastjóri**

### **7. gr.**

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og hefur eftirlit með störfum hans. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á stjórnun félagsins, daglegum rekstri og eftirfylgni, þ.m.t. fjármálum gagnvart stjórn.

### **8. gr.**

Framkvæmdastjóri boðar stjórnarfundi, en skylt er að boða til stjórnarfunda innan tveggja vikna þegar einhver stjórnarmanna krefst þess. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega en oftast þegar þörf krefur. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að fjórir stjórnarmenn hið fæsta sækji fundi. Boða skal formenn faghópa til fundar hið minnsta tvisvar á starfsári, þ.e. í byrjun hverrar vor- og haustannar.

## **Fagráð**

### **9. gr.**

Fagráð félagsins er kosið á aðalfundi og skal skipað fimm mönnum úr háskóla- og atvinnulífinu, jafnt opinbera geiranum sem einkageiranum. Stjórn og framkvæmdastjóri funda með fagráðinu að lágmarki einu sinni á hverju starfsári.

Hlutverk fagráðsins er fyrst og fremst að vera ráðgefandi fyrir stjórn félagsins varðandi stefnumótandi áherslur og að taka þátt í að efla ímynd og orðspor Stjórnvísí. Jafnframt að vera félaginu innan handar varðandi faglega stjórnunarþekkingu og aðstoð við einstök verkefni. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með undirbúningi fagráðsfunda og ritun fundargerðar.

## Lagabreytingar

### **10. gr.**

Lögum þessum má breyta á aðalfundi félagsins og skal í fundarboði geta þeirra breytinga sem bera á upp. Til þess að lagabreytingar nái fram að ganga þarf 2/3 greiddra athvæða.

### **11. gr.**

Um slit félagsins gilda reglur skv. landslögum. Verði félagið lagt niður, mun félagsfundur ákveða hvað verður um eignir þess.